

Miðvikudaginn 21. júní 1995.

Nr. 9/1995.

**Bandalag háskólamanna BHMR f.h.**  
**Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga,**  
**Félags íslenskra náttúrufræðinga,**  
**Meinataeknafélags Íslands,**  
**Röntgenteknafélags Íslands og**  
**Stéttarfélags sjúkrahjálfa í ríkisþjónustu**

(Viðar Már Matthíasson hrl.)

gegn

**fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins**

(Einar Karl Hallvarðsson hdl.)

Verkfallsheimild. Frávísun að hluta.

### Úrskurður Félagsdóms.

Úrskurðinn kveða upp Auður Þorbergsdóttir, Björn Helgason, Gylfi Knudsen, Guðmundur Skaftason og Þorsteinn A. Jónsson.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 19. þ.m., að loknum munnlegum málflutningi um frávísunarkröfu stefnda er höfðað með stefnu, birtri 28. febrúar 1995.

Stefnandi er Bandalag háskólamanna BHMR, kt. 630387-2566, Lágmúla 7, Reykjavík, f.h. Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, kt. 570194-2409, Suðurlandsbraut 22, Reykjavík, Félag íslenskra náttúrufræðinga, kt. 530169-4139, Lágmúla 7, Reykjavík, Meinataeknafélag Íslands, kt. 481178-0299, Lágmúla 7, Reykjavík, Röntgenteknafélag Íslands, kt. 521187-1159, Borgartúni 33, Reykjavík, og Stéttarfélag sjúkrahjálfa í ríkisþjónustu, kt. 690372-0299, Lágmúla 7, Reykjavík.

Stefndi er fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins, kt. 550169-2829, Arnarhvoli, Reykjavík.

Upphaflegar dómkröfur stefnanda voru:

1. Að eftirtaldar breytingar á skrá, sem birt var sem auglýsing nr. 27/1992, samkvæmt 2. mgr. 19. gr. l. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sem gerðar voru með nýrri skrá sem birt var með auglýsingu nr. 68/1995 í B- deild Stjórnartíðinda þann 27. janúar 1995 á grundvelli sama lagaákvæðis, verði felldar út gildi með dómi:

Ráðuneyti/stofnun. Starfsmenn/staða.  
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.

*Sjúkrahúsið Akranesi:*

Skurðstofa. Hjúkrunarfræðingar.  
Gæsluvakt (1) allan sólarhringinn.

Svæfingadeild. Hjúkrunarfræðingar.  
Gæsluvakt (1) allan sólarhringinn.

Rannsóknarstofa. Yfirmeinataeknir.  
Dagvinna (0.5). Gæsluvakt (1) utan dagvinnu.

Röntgendeild. Yfirröntgentæknir.  
Dagvinna (0.5). Gæsluvakt (1) utan dagvinnu.

*Sjúkrahúsið Patreksfirði:*

Rannsóknarstofa. Meinataeknar.  
Gæsluvakt (1) frá 08-24.

*Héraðssjúkrahúsið á Blönduósi:*

Rannsóknarstofa. Meinataeknar.  
Dagvinna (0.5). Gæsluvakt (1) utan dagvinnu.

Röntgen. Röntgentæknar.  
Dagvinna (0.5). Gæsluvakt (1) utan dagvinnu.

*Sjúkrahús Skagfirðinga, Sauðárkróki:*

Rannsóknarstofa. Meinataeknar/náttúrufraeðingur.  
Dagvinna (0.5). Gæsluvakt (1) utan dagvinnu.

Röntgen. Röntgentæknar.  
Dagvinna (0.5). Gæsluvakt (1) utan dagvinnu.

Skurðstofa. Hjúkrunarfræðingar.  
Dagvinna (1). Gæsluvakt (1) utan dagvinnu.

*Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri.*

Slysa- og bráðadeild.	Öll störf með venjubundnum hætti. Hjúkrunarfræðingar Morgunvakt (3). Kvöldvakt. (2) Næturvakt (1) Gæsluvakt allan sólarhringinn.
Sjúkraþjálfaradeild.	Sjúkraþjálfarar. Dagvinna (1). Gæsluvakt (1) utan dagvinnu.
Meinafræðideild.	Meinataeknar. Dagvinna (0.5). Gæsluvakt (1) utan dagvinnu.
Rannsóknardeild og blóðbanki.	Meinataeknar. Dagvinna (1). Gæsluvakt (1) utan dagvinnu.
Röntgendeild.	Röntgenteknar. Dagvinna (0.5). Gæsluvakt (1) utan dagvinnu.

*Sjúkrahúsið Húsavík.*

Rannsókn.	Meinataeknir/rannsóknarm. Gæsluvakt (1.4).
Röntgen.	Röntgenteknar. Gæsluvakt (1.4).
Skurðstofa.	Hjúkrunarfræðingar. Gæsluvakt (1.4).

*Fjórðungssjúkrahúsið á Neskaupstað.*

Röntgenteknar (0.5).  
Meinataeknar (0.5).

*Sjúkrahúsið Egilsstöðum.*

Rannsókn (sameiginleg með heilsugæslu).	Meinataeknar. Dagvinna (0.5).
---	----------------------------------

*Sjúkrahús Suðurlands, Selfossi.*

Skurðstofa.	Hjúkrunarfræðingar. Gæsluvakt (1).
-------------	---------------------------------------

Rannsókn.	Meinataeknar. Dagvinna (0.5). Gæsluvakt (1) utan dagvinnu.
Röntgen.	Röntgentæknar. Dagvinna (0.5). Gæsluvakt (1) utan dagvinnu.
<i>Sjúkrahúsið Vestmannaeyjum.</i>	
Skurðstofa.	Hjúkrunarfræðingar. Gæsluvakt (2).
Rannsóknarstofa.	Meinataeknar. Dagvinna (1). Gæsluvakt (1) utan dagvinnu.
Röntgendeild.	Röntgentæknar. Dagvinna (1). Gæsluvakt (1) utan dagvinnu.
Sjúkraþjálfun.	Sjúkraþjálfari. Gæsluvakt (1).
<i>Sjúkrahús Suðurnesja.</i>	
Skurðstofa.	Hjúkrunarfræðingar. Gæsluvakt (3) virka daga.
Rannsóknarstofa.	Meinataeknar. Gæsluvakt (2.8) frá 08–24.
Röntgendeild.	Röntgentæknar. Gæsluvakt (1) frá 08-24.
<i>Sólvangur Hafnarfirði.</i>	
Rannsóknarstofa.	Hjúkrunarframkvæmdastjóri (0.6). Meinataeknar. Dagvinna (0.3).
<i>Ríkisspítalar.</i>	
(2. Ríkisspítalar, hjúkrunarstjórn.)	
1. Hjúkrunarstjórn Landspítala.	Hjúkrunarframkvæmdastjórar á gæsluvakt allan sólarhringinn (1).
(4. Ríkisspítalar, stoðdeildir.)	
1. Endurhæfingardeild, unnið er skv. fyrirfram ákveðnu vaktakerfi.	Sjúkraþjálfarar (1). Sjúkraþjálfarar á gæsluvakt allan sólarhringinn (1).

## (5. Ríkisspítalar, bráðadeildir.)

- |                            |                                    |
|----------------------------|------------------------------------|
| 1. Gjörgæsludeild 1-2.     | Hjúkrunarfræðingar (31).           |
| 1. Vökudeildir 22A og 23A. | Hjúkr.fræðingar og ljósmæður (24). |
| 1. Fæðingargangur 23A.     | Ljósmæður og hjúkr.fræðingar (29). |
| 2. Fæðingardeild, MFS.     | Ljósmæður og hjúkr.fræðingar (5).  |
| 1. Bráðamóttaka 10D.       | Hjúkrunarfræðingar (22).           |

## Bráðadeildir, skurðstofur:

Gæsluvakt hjúkrunarfræðingar á skurðeild 12C-D er kl. 15:30-07:30 virka daga en allan sólarhringinn aðra daga. Gæsluvakt á skurðstofu kvenna er allan sólarhringinn alla daga. Unnið er samkvæmt fyrirfram ákveðnu vaktkerfi.

- |                                      |  |
|--------------------------------------|--|
| 1. Skurðeild 12C-D.                  | Skurðhjúkrunarfræðingar (4)<br>(þar af 2 með hjartaþjálfun).<br>Skurðhjúkr.fræðingar á gæsluvakt (3).<br>Svæfingarhjúkrunarfræðingar (2).<br>Svæfingahjúkrunarfræðingar á gæsluvakt (2). |
| 2. Skurðstofa kvenna.                | Hjúkrunarfræðingar á gæsluvakt (2).  |
| 2. Geðdeild 33C.                     | Hjúkrunarfræðingar (8).  |
| 3. Geðdeild 32C.                     | Hjúkrunarfræðingar (8).  |
| 1. Blóðskilunardeild.                | Hjúkrunarfræðingar (7).  |
| 1. Göngudeild,<br>geislameðferð 10K. | Hjúkrunarfræðingar (6).  |
| 2. Göngudeild 21B.                   | Hjúkrunarfræðingar (3).  |

## (6. Ríkisspítalar, meðferðardeildir.)

- |                             |                          |
|-----------------------------|--------------------------|
| 1. Hjartadeild 14E.         | Hjúkrunarfræðingar (13). |
| 3. Lyflækningadeild 4 14G.  | Hjúkrunarfræðingar (12). |
| 1. Barnadeild 3 og 4 13E.   | Hjúkrunarfræðingar (17). |
| 1. Lungnadeild.             | Hjúkrunarfræðingar (10). |
| 2. Hjúkrunardeild.          | Hjúkrunarfræðingar (7).  |
| 1. Öldrunarlækningadeild 1. | Hjúkrunarfræðingar (6).  |
| 2. Öldrunarlækningadeild 2. | Hjúkrunarfræðingar (6).  |

3. Næturvakt fyrir öldr.lækn.d. Hjúkrunarfræðingar (2).  
1-2.
1. Krabbameinslækningadeild Hjúkrunarfræðingar (14).  
11E.
1. Kvenlækningadeild 21A, Hjúkrunarfræðingar (10).  
fyrir krabbameinssjúkar  
konur og konur með bráða  
kvensjúkdóma.
1. Endurhæfingar- og hæfingar-Hjúkrunarfræðingar (4).  
deild LSP í Kópavogi.
2. Geðdeild 14. Hjúkrunarfræðingar (5).
3. Geðdeild 15. Hjúkrunarfræðingar (4).
8. Geðdeild 28. Hjúkrunarfræðingar (4).
1. Legudeildir, Dalbraut. Hjúkrunarfræðingar (5).
2. Unglingadeild, hjúkrun,  
Dalbraut. Hjúkrunarfræðingar (5).
1. Glasafriðjógungun. Ljósmeður og hjúkr.fræðingar  
(1).

(7. Ríkisspítalar, rannsóknarstofur.)

Rannsóknarstofa í meinafræði (RH), litn. rannsóknir og réttarlæknisfræði:

Tilgreind er mönnun á virkum dögum. Gæsluvakt á litningarannsóknnum er kl. 08-16 á almennum og sérstökum frídögum. Meinataeknir og náttúrufræðingur skiptast á að ganga gæsluvaktir. Unnið er samkvæmt fyrirfram ákveðnu vaktkerfi.

1. Litningarannsóknir. Meinataeknar (1).  
Náttúrufræðingar (1).  
Meinataeknar/náttúrufræðingar á  
gæsluvakt (1).

Rannsóknarstofa í meinafræði (RH), vefjarannsóknir 1 og 2.

Tilgreind er mönnun á hverjum sólarhring og er hún alla daga eins. ... Gæsluvakt er kl. 16-08 alla daga. Unnið er samkvæmt fyrirfram ákveðnu vaktkerfi.

3. Vefjarannsóknir 1. Meinataeknar (1).  
Meinataeknar á gæsluvakt (1).
4. Vefjarannsóknir 2. Meinataeknar (1).

Rannsóknarstofur í blóðmeina- og meinefnafræði:

Tilgreind er mönnun á hverjum sólarhring og er hún alla daga eins. ... Gæsluvakt er kl. 16-08 alla daga. Unnið er samkvæmt fyrirfram ákveðnu vaktkerfi.

- |                                 |  |
|---------------------------------|--|
| 1. Blóðmeina- og meinefnafræði. | Meinataeknar (4).<br>Meinataeknar á gæsluvakt (1). |
|---------------------------------|--|

Rannsóknarstofa í meinefnafræði, ísótópastofa:

Tilgreind er mönnun á virkum dögum. ... Unnið er samkvæmt fyrirfram ákveðnu vaktkerfi.

- |                  |                               |
|------------------|-------------------------------|
| 2. Ísótópastofa. | Meinataeknar á gæsluvakt (1). |
|------------------|-------------------------------|

Sýklarannsóknardeild:

Tilgreind er mönnun á hverjum sólarhring og er hún alla daga eins. ... Gæsluvakt er kl. 16-08 alla daga. Unnið er samkvæmt fyrirfram ákveðnu vaktkerfi.

- |                     |  |
|---------------------|--|
| 1. Sýklafræðideild. | Meinataeknar (2).<br>Meinataeknar á gæsluvakt (1). |
|---------------------|--|

Ónæmisfræðideild:

Tilgreind mönnun er alla daga eins og felst í gæsluvakt allan sólarhringinn. Unnið er samkvæmt fyrirfram ákveðnu vaktkerfi.

- |                      |                               |
|----------------------|-------------------------------|
| 1. Ónæmisfræðideild. | Meinataeknar á gæsluvakt (1). |
|----------------------|-------------------------------|

Veirufræðideild:

Tilgreind er mönnun á hverjum sólarhring. Á virkum dögum er daglegur vinnutími á almennri deild kl. 08-16 en annar starfsmaðurinn vinnur áfram til kl. 20. Á almennum og sérstökum frídögum er daglegur vinnutími kl. 09-17. Gæsluvakt vegna áhætturannsókna er kl. 08-24 virka daga en allan sólarhringinn aðra daga. Unnið er samkvæmt fyrirfram ákveðnu vaktkerfi.

- |                      |   |
|----------------------|---|
| 1. Almenn deild.     | Meinataeknar (1).<br>Náttúrufraeðingar (1). |
| 2. Áhætturannsóknir. | Náttúrufraeðingar á gæsluvakt (1).          |

Blóðbankinn:

Tilgreind er mönnun á virkum dögum. Gæsluvakt á blóðónæmisdeild er kl. 16-08 virka daga og allan sólarhringinn aðra daga. ... Unnið er samkvæmt fyrirfram ákveðnu vaktkerfi.

1. Blóðónæmisdeild. Náttúrufræðingar (4).  
Náttúrufræðingar á gæsluvakt (2).

Röntgendeild:

Tilgreind er mönnun á hverjum sólarhring. Gæsluvakt er 16-08 virka daga og allan sólarhringinn aðra daga. Unnið er samkvæmt fyrirfram ákveðnu vaktkerfi.

1. Röntgen, virka daga. Röntgentæknar (4).  
Röntgentæknar á gæsluvakt (1).  
2. Röntgen, aðra daga. Röntgentæknar á gæsluvakt (2).

*St. Jósefsspítali, Hafnarfirði.*

- Skurðstofur og sóttþreinsun: Hjúkrunarfræðingar.  
Gæsluvakt (1).  
Svæfingadeild: Hjúkrunarfræðingar.  
Gæsluvakt (1).  
Speglunardeild: Hjúkrunarfræðingar.  
Dagvinna (0,5).  
Rannsókn: Yfirmeinataeknir.  
Dagvinna (0,5).  
Gæsluvakt utan dagvinnu.

*Sjúkraskýlið Hólmavík.* Starfsemi skal vera með venjubundnum hætti.

*Sjúkraskýlið Þingeyri.* Starfsemi skal vera með venjubundnum hætti.

*Meðferðarheimilið Sogni.* Hjúkrunarfræðingar.  
Morgun-og kvöldvakt (2,15).  
Gæsluvakt (1) utan vakta.

*Heilsugæslustöð Suðurnesja.*

Heimahjúkrun: Hjúkrunarfræðingar (1).

*Umhverfisráðuneyti.*

Veðurstofa Íslands. Yfirdeildarstjóri tölvudeildar.

2. Þá er gerð krafa um málskostnað að mati Félagsdóms, en áskilinn er réttur til að leggja fram málskostnaðarreikning við aðalmeðferð málsins.

Upphaflegar dómkröfur stefnda:



1. Að þeim kröfum stefnanda sem varða störf manna óviðkomandi stefnanda og aðildarfélögum hans og greindar verða hér á eftir verði vísað frá dómi.

2. Að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, þar á meðal þeim kröfuliðum sem stefnanda eru óviðkomandi verði ekki fallist á að þeir sæti frávísun.

3. Þá er þess krafist að stefnandi greiði stefnda málskostnað samkvæmt mati dómsins.

Frávísunarkrafa stefnda, sem er hér til umfjöllunar, er svofelld:

Að vísað verði frá Félagsdómi eftirfarandi liðum kröfugerðar stefnanda sem varða störf manna, óviðkomandi stefnanda og aðildarfélögum hans:

*Sjúkrahúsið Akranesi.*

Röntgendeild.

Yfirröntgentæknir.

Dagvinna (0,5).

Gæsluvakt (1) utan dagvinnu.

*Héraðssjúkrahúsið á Blönduósi.*

Rannsóknarstofa.

Meinataeknar.

Dagvinna (0,5).

Gæsluvakt (1) utan dagvinnu.

Röntgen.

Röntgentæknar.

Dagvinna (0,5).

Gæsluvakt (1) utan dagvinnu.

*Sjúkrahús Skagfirðinga, Sauðárkróki.*

Röntgen.

Röntgentæknar.

Dagvinna (0,5).

Gæsluvakt (1) utan dagvinnu.

*Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri.*

Röntgendeild.

Röntgentæknar.

Dagvinna (0,5).

Gæsluvakt (1) utan dagvinnu.

*Sjúkrahúsið Húsavík.*

Rannsókn.

Meinataeknir/rannsóknarm.

Gæsluvakt (1,4).

Röntgen.

Röntgentæknar.

Gæsluvakt (1,4).

*Fjórðungssjúkrahúsið á Neskaupstað.*

Röntgentæknar (0,5).

*Sjúkrahús Suðurlands, Selfossi.*

Röntgen.

Röntgentæknar.

Dagvinna (0,5).

Gæsluvakt (1) utan dagvinnu.

*Sjúkrahúsið Vestmannaeyjum.*

Rannsóknarstofa.

Meinataeknar.

Dagvinna (1).

Gæsluvakt (1) utan dagvinnu.

Röntgendeild.

Röntgentæknar.

Dagvinna (1).

Gæsluvakt (1) utan dagvinnu.

*Sjúkrahús Suðurnesja.*

Röntgendeild.

Röntgentæknar.

Gæsluvakt (1) frá 08-24.

*Sólvangur Hafnarfirði.*

Rannsóknarstofa.

Meinataeknar.

Dagvinna (0,3).

*Við Sjúkraskýlið Hólmavík.*Starfsemi skal vera með venju-  
bundnum hætti.*Sjúkraskýlið Pingeyri.*Starfsemi skal vera með venju-  
bundnum hætti.

Stefnandi krefst þess að frávísunarkröfu stefnda verði hafnað og stefnanda tildæmdur málskostnaður í þessum þætti málsins.

*Rökstuðningur stefnda fyrir frávísunarkröfunni.*

Stefndi telur að vísa beri framangreindum kröfuliðum frá dómi þar sem viðkomandi starfsmenn séu ekki félagar í aðildarfélagum stefnanda, heldur félagum innan Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, sem ekki séu aðilar að þessu máli, hvorki ein sér né í nafni heildarsambands þeirra. Um frávísun af þessum sökum vísar stefndi til 18., 19. og 25. gr. laga nr. 91/1991. Ennfremur er vísað til 5. og 26. gr. laga nr. 94/1986, svo og 45. og 69. gr. laga nr. 80/1938.

Af hálfu stefnda er því haldið fram að röntgentæknar við sjúkra-

húsið á Akranesi séu félagar í Starfsmannafélagi Akraness, sem ekki heyri undir stefnanda eða málflytningsumboð hans.

Við sjúkrahúsið á Blönduósi starfi tveir meinatæknar og sé annar félagi í Meinatæknafélagi Íslands en hinn í Félagi opinberra starfsmanna Húnavatnssýslum. Beri því að vísa frá kröfum stefnanda um þá tilgreiningu, sbr. 18. og 19. gr. laga nr. 91/1991, enda óhjákvæmilegt að bæði félögin standi að málsókninni um þetta atriði. Enginn röntgentæknir starfi á stofnuninni.

Röntgentæknar við sjúkrahúsið séu í Starfsmannafélagi Sauðárkróks, sem ekki heyri undir stefnanda eða málflytningsumboð hans.

Röntgentæknar við Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri séu félagar í Starfsmannafélagi Akureyrarbæjar, sem ekki heyri undir stefnanda eða málflytningsumboð hans.

Meinatæknar og röntgentæknar við Sjúkrahúsið á Húsavík séu félagar í Starfsmannafélagi Húsavíkur, sem ekki heyri undir stefnanda eða málflytningsumboð hans.

Röntgentæknir við Fjórðungssjúkrahúsið á Neskaupstað sé félagi í Starfsmannafélagi Neskaupstaðar, sem ekki heyri undir stefnanda eða málflytningsumboð hans.

Röntgentæknar við Sjúkrahús Suðurlands séu allir félagar í Félagi opinberra starfsmanna Suðurlandi, sem ekki heyri undir stefnanda eða málflytningsumboð hans.

Meinatæknar og röntgentæknar við Sjúkrahúsið Vestmannaeyjum séu allir félagar í Starfsmannafélagi Vestmannaeyjabæjar, sem ekki heyri undir stefnanda eða málflytningsumboð hans.

Röntgentæknar við Sjúkrahús Suðurnesja séu félagar í Starfsmannafélagi Keflavíkurbæjar, sem ekki heyri undir stefnanda eða málflytningsumboð hans.

Meinatæknir á rannsóknarstofu Sólvangs í Hafnarfirði sé félagi í Starfsmannafélagi Hafnarfjarðar, sem ekki heyri undir stefnanda eða málflytningsumboð hans.

Við Sjúkraskýlið Hólmavík og við Sjúkraskýlið Þingeyri starfi engir þeir sem félagar séu í aðildarfélögum stefnanda og málflytningsumboð hans taki til.

Við munnlegan málflytning um frávísunarkröfu stefnanda, var af hálfu stefnanda bent á framlögð bréf á dskj. 61-84, en þar sé upplýst um raunverulega félagsstöðu tiltekinna starfsmanna.

Dskj. 3-7 séu málsóknarumboð til stefnanda. Stefnandi verði að

sanna að umboð hans séu víðataekari en skjöl málsins sýna, sbr. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986, 5. mgr. 6. gr. laga nr. 119/1990

Samið hafi verið við nokkur starfsmannafélög, m.a. hafi Starfsmannafélag Akureyrar og Starfsmannafélag Keflavíkur gert sjálfstæða kjarasamninga en önnur félög hafi samið sameiginlega.

BSRB eigi í málaferlum við stefnda vegna auglýsingar nr. 68/1995, þ.e. Félagsdómsmálið nr. 13/1995. Kröfur í því máli skarist við kröfugerð stefnanda í þessu máli.

Stefnandi eigi ekki lögvarða hagsmuni varðandi þessar kröfur. Það leiði til frávísunar. Skortur á málssóknarumboði leiði jafnframt til frávísunar.

*Mótmæli stefnanda við frávísunarkröfu stefnda.*

Við munnlegan málflutning um frávísunarkröfuna var því haldið fram af hálfu stefnanda að stefndi byggji kröfur sínar í raun á aðildarskorti, sem leiði til sýknu en ekki frávísunar, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991. Eðlilegra sé að taka kröfurnar til efnismeðferðar. Frávísun sé ekki hin rétta afgreiðsla tæknilega séð.

Lögmaður stefnda taldi dóm Félagsdóms í dómabindi IX bls. 333 í andstöðu við 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991. Eftir uppkvaðningu þess dóms hafi einkamálalögunum verið breytt, sbr. 3. mgr. 25. gr. laganna, en þar sé ný aðildarregla.

Varðandi Héraðssjúkrahúsið á Blönduósi var því haldið fram af hálfu stefnanda að rangt sé að á Héraðssjúkrahúsinu starfi 2 meinataeknar, 1 sé í Félagi opinberra starfsmanna á Norðurlandi en hinn í Meinataeknafélagi Íslands. Hið rétta sé að á sjúkrahúsinu starfi aðeins einn meinataeknir og hann sé félagsmaður í Meinataeknafélagi Íslands. Þess vegna eigi a.m.k. ekki að vísa frá þessum lið.

Af hálfu stefnanda var því mótmælt að kröfugerð stefnanda fari út fyrir málflutningsumboð stefnanda sbr. dskj. 3-7.

*Niðurstaða.*

Stefnandi hefur lagt fram umboð til Bandalags Háskólamanna BHMHR til þess að höfða mál þetta frá eftirtöldum félögum:

Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga, Félagi íslenskra náttúrufræðinga, Stéttarfélagi sjúkrahjálfa í ríkisþjónustu, Röntgenteknafélagi Íslands, og Meinataeknafélagi Íslands.

Í skjölum málsins kemur fram að röntgenteknar á Sjúkrahúsi Akraness eru í Starfsmannafélagi Akraness. Guðmundur Unnar Agnarsson „meinataeknir“ hjá Héraðssjúkrahúsinu Blönduósi er fé-

lagi í Félagi opinberra starfsmanna í Húnavatnssýslum. Röntgentæknar á Sjúkrahúsi Skagafjarðar eru í Starfsmannafélagi Sauðárkróks. Röntgentæknar á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri eru félagsmenn í Starfsmannafélagi Akureyrarbæjar. Röntgen- og meinatæknar við Sjúkrahúsið í Húsavík eru allir félagar í Starfsmannafélagi Húsavíkur. Röntgenmyndari á Fjórðungssjúkrahúsinu á Neskaupstað er í starfsmannafélagi Neskaupstaðar. Röntgentæknar við Sjúkrahús Suðurlands eru allir félagar í F.O.S.S. Röntgen- og meinatæknar við Sjúkrahús Vestmannaeyja eru allir félagar í Starfsmannafélagi Vestmannaeyjabæjar. Röntgentæknar á Sjúkrahúsi Suðurnesja eru í Starfsmannafélagi Keflavíkurbæjar. Meinatæknir á Sólvangi er í Starfsmannafélagi Hafnarfjarðar. Starfsmenn við Sjúkraskýlið á Hólmavík eru félagar í Félagi opinberra starfsmanna á Vestfjörðum og Verkalýðsfélagi Hólmavíkur, auk læknis í hlutastarfi, ekki er þar starfandi hjúkrunarfræðingur. Hjá Sjúkraskýli Þingeyrar er hjúkrunarfræðingur í 30% starfi, aðrir starfsmenn sjúkraskýlis eru í Verkalýðsfélaginu Brynju, Þingeyri.

Fram er komið, að starfsmenn þeir er málið varðar eru félagsmenn í öðrum félögum en þeim sem standa að málsókninni. Þó sé meinatæknir í starfi á rannsóknarstofu í Héraðssjúkrahúsinu á Blönduósi félagsmaður í Meinatæknafélagi Íslands, sem er einn af stefnendum máls þessa. Samkvæmt gögnum málsins er engin röntgentæknir starfandi við Héraðssjúkrahúsið á Blönduósi.

Þegar frá er skilinn framangreindur meinatæknir, hefur stefnandi ekki sýnt fram á, að hann hafi gilt fyrirsvor fyrir umrædda starfsmenn eða lögvarinna hagsmuna að gæta um verkfallsheimild þeirra. Er því frávísunarkröfur stefnda teknar til greina í samræmi við forðæmi í dómi Félagsdóms frá 10. júlí 1990. Af sömu ástæðum kemur 3. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála ekki til álita við úrlausn þessa þáttar málsins.

Málskostnaðar hefur ekki verið krafist í frávísunarsökinni.

#### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Framangreindar kröfur um frávísun eru teknar til greina að öðru en varðar starf meinatæknis og röntgentæknis á rannsóknarstofu í Héraðssjúkrahúsinu á Blönduósi.